

Auglýsing

163
25. nóv.

um póst mál.

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir samþykkt þessar breytingar á póstgöngunum:

1. Frá Arnarholtspóstafgreiðslu í Mýrasýslu skal ganga póstur um Rauðkollsstaði vestur á Stykkishólmi, og þegar póstur þessi er kominn að Rauðkollsstöðum, aukapóstur þaðan um Staðastað og Búðir vestur í Ólafsvík, og skal aukapóstur þessi vera kominn aptur að Rauðkollsstöðum, áður en Stykkishólmspósturinn kemur þangað aptur á suðurleið. Pósti þessum ber að fara svo snemma á stað frá Stykkishólmi, að hann geti náð Ísafjarðarpóstinum á Arnarholti.

2. Frá Stað í Hrutafirði skal ganga aukapóstur um Hjarðarholt í Laxárdal og Breiðabólstað á Skógarströnd vestur á Stykkishólmi. Hann fer frá Stað í Hrutafirði daginn eftir komu Akureyrarpóstsins þangað, tekur á Hjarðarholti við póstsendingum þeim, er komið hafa með Ísafjarðarpóstinum, en afhendir aptur sendingar þær, er eiga að fara í Dala, Barðastrandar og Ísafjarðarsýslur. Eftir 2 daga dvöl á Stykkishólmi, snýr hann aptur að Stað í Hrutafirði.

3. Póstafgreiðsla sú á Rauðkollsstöðum, er lögð hefir verið niður, skal endurreist, og skal henni lögð 50 kr. árleg þóknun

4. Aukapósturinn frá Víðimýri í Skagafirði að Hofsóss skal halda áfram göngu sinni þaðan um Fells og Holtshreppa út í Siglufjörð.

5. Aukapósturinn frá Akureyri skal eptirleidis ekki fara lengra en að Kvíabekk í Ólafsfirði, og skal þar stofna brjefhirdingu.

6. Aðalpósturinn frá Prestbakka og austur skal ganga á Eskifjörð, en aðalpósturinn frá Akureyri og austur gengur eptirleidis sem áður á Seyðisfjörð. Póstar þessir eiga að mætast á póstafræðslustaðnum á Völlum (Höfða) í hverri ferð, þannig að pósturinn milli Akureyrar og Seyðisfjarðar ekki má fara frá þessum póstafræðslustað, fyrri en pósturinn frá Eskifirði eða Prestbakka hefir afhent þar póstsendingar þær, er hann hefir haft meðferðis og eiga að fara annað hvort norður eða austur (á Seyðisfjörð), og að hinsvegar Prestbakka-Eskifjarðarpósturinn ekki má fara frá nefndri póstafræðslu, fyrr en Akureyrar og Seyðisfjarðarpósturinn er þangað kominn.

Breytingar þessar ná gildi 1 janúar 1881.

Landshöfðinginn yfir Íslandi Reykjavík 25 nóvbr. 1880.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Áætlun

164
26. nóv.

um 3 fyrstu ferðir landpóstanna árið 1881.

Með því að jeg enn ekki hefi meðtekið ferðaáætlun póstgufuskipanna um árið 1881, verða nú að eins ákveðnar hinar fyrstu 3 póstferðir, og skal þeim hagað líkt og 2 síðastliðin ár sjá einkum ferðaáætlunina frá 25. nóvbr. 1878 (stjórnartíðindi B. 157). Skulu því landpóstar leggja á stað frá endastöðvum aðalpóstleiðanna, eins og nú segir.

A. Aðalpósturinn milli Ísafjarðar og Reykjavíkur:

	I	II	III
frá Ísafirði	13. janúar 1881	3. marz 1881	21. apríl 1881
— Reykjavík	4. febrúar —	26. — —	8. maí —